



## Minnisblað

Reykjanesbæ 10.apríl 2021

### Á 148. fundi íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar var tekið fyrir erindið;

„Beiðni um frítt í sund fyrir atvinnuleitendur (2021030215)

Erindi frá íbúa í Reykjanesbæ þar sem ráðið er hvatt til að til að veita atvinnuleitendum frítt í sund tímabundið.

ÍT ráð tekur undir erindið og felur íþrótt- og tómstundafulltrúa að skoða málið nánar“.

Mjög misjafnt er hvort að boðið sé upp á frítt í sund fyrir atvinnuleitendur. Færa má veigamikil rök fyrir því í ljósi heimsfaraldurs og mikils atvinnuleysis á svæðinu að æskilegt sé að bjóða atvinnuleitendum í Reykjanesbæ frítt í sund tímabundið. Tímabilið sem að undirritaðir leggja til er 15. maí til 1. ágúst 2021, svo fremi sem samkomutakmarkanir hindri ekki framkvæmdina.

Áætlaður kostnaður er 250.000 kr. og rúmast innan fjárheimilda íþrótt- og tómstundaráðs.

Um verður að ræða samstarf við Vinnumálastofnun og hefur íþrótt- og tómstundafulltrúi átt fund með forstöðumanni stofnunarinnar. Atvinnuleitendur munu geta nálgast staðfestingarblað þar og framvísað í vatnaveröld og þurfa að greiða 1.000 kr. og fá frítt frá 15.maí til 1.ágúst nk.

Frítt í sund fyrir atvinnuleitendur			
Sveitarfélag	Já/Nei	Takmarkanir	Hver greiðir
Árborg	Já	Engin takmörk	Millifærsla frá Velferðarsviði
Hafnarfjörður	Nei		
Garðabær	Já	6 mánaðarkort	Millifærsla frá Velferðarsviði
Akureyri	Nei		
Reykjavík	Já	3 mánaðarkort	Millifærsla frá Velferðarsviði
Vestmannaeyjar	Já/nei		Virk kaupir af og til kort.
Akranes	50%	afsláttur af kortum	

Hafsteinn Ingibergsson  
forstöðumaður íþróttamannvirkja

Hafþór Birgisson  
íþrótt- og tómstundafulltrú

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni